

**Ed.**

**410. Breytingartillögur**

**[130. mál]**

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög um breyt. á þeim lögum, nr. 48 16. apríl 1963.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:  
2. og 3. másl. 7. gr. laganna falli niður.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:  
Á eftir II. kafla laganna (23. gr.) komi nýr kafli, sem verður III. kafli, með 8 greinum og fyrirsögnini: Um bústofnslán, svo hljóðandi:

- a. (24. gr.) Stofnlánadeild veitir lán frumbýlingum og öðrum bændum til bústofnsaukningar og vélakaupa, eftir því sem nánar segir í þessum kafla laganna.
- b. (25. gr.) Stofnfé til bústofnslána er þetta:
- 40 milljón króna óafturkræft framlag ríkissjóðs, er greiðast skal deildinni á næstu átta árum með 5 milljón króna framlagi á ári;
  - 60 milljón króna lán, er stjórn deildarinnar heimilast að taka, og ábyrgist fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánsins.
- c. (26. gr.) Bústofnslán skulu veitt frumbýlingum og öðrum bændum, sem fullnægja skilyrðum 27. gr., til að kaupa bústofn eða búvélar.
- d. (27. gr.) Skilyrði fyrir bústofnsláni eru:
- að umsækjandi reki landbúnað sem aðalatvinnuveg;
  - að umsækjandi hafi ekki þann bústofn, sem að álit bankastjórnarinnar er nægilegur til framfærslu fjölskyldu hans samhliða öðrum tekjuvonum, eða hafi eigi efni á að festa kaup á nauðsynlegum búvélum;
  - að umsækjandi sé að dómi bankastjórnarinnar vel hæfur til að reka landbúnað, enda mæli hreppsnefnd með lánveitingunni;
  - að umsækjandi setji þá tryggingu fyrir láninu, er bankastjórnin tekur gilda;
  - að umsækjandi geti að dómi bankastjórnarinnar staðið undir árlegum greiðslum af lánum sínum, er hann hefur fengið lán samkvæmt lögum þessum.
- e. (28. gr.) Bústofnslán má veita gegn eftirtöldum tryggingum:
- gegn veði í fasteign;
  - gegn veði í vélum og verkfærum;
  - gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, frá 4. nóv. 1887;
  - gegn hreppsábyrgð;
  - gegn sjálfsskuldarábyrgð tveggja eða fleiri aðila.  
Bankastjórnin metur, hverja tryggingu skuli taka gilda.
- f. (29. gr.) Fjárhæð láns hverju sinni fer eftir ákvörðun bankastjórnar.
- g. (30. gr.) Vextir af bústofnslánum mega ekki vera hærri en 5%. Lánstími fer eftir ákvörðun bankastjórnar. Þó skal hann aldrei vera lengri en 10 ár. Það skal og áskilið, að ef efnahagur lántaka breytist svo, að honum verði auðvelt að greiða lán sitt á skemmri tíma að dómi bankastjórnarinnar, geti hún gert honum að greiða hærri afborganir af láninu en annars er tilskilið. Enn fremur sé áskilið, að ef lántaki breyti um atvinnuveg, sé bankastjórninni heimilt að ákveða, að lánið sé þegar gjaldfallið.  
Heimilt er bankastjórn að ákveða, að lán skuli vera afborgunarlaust fyrstu þrjú árin.  
Gjalddagi lánanna skal vera 1. nóvember ár hvert.
- h. (31. gr.) Umsóknir um lán samkvæmt lögum þessum skulu sendar bankastjórninni eða þeim, sem hún vísar til. Umsóknum skulu fylgja þau gögn, er bankastjórnin ákveður.
3. Við 7. gr. Í stað „50%“ í 3. málsg. komi: 65%.
4. Við 9. gr. Greinin orðist þannig:  
64. gr. laganna orðist svo:  
Til þeirra framkvæmda, er um getur í 60. gr., og til framkvæmda, er framlagsrétt fá samkv. 63. gr., greiðir ríkissjóður árlega á árunum 1964—1972, að báðum árum meðtöldum, þá fjárhæð, er þarf til að greiða tilskilinn hluta ríkisins samkvæmt ákvæðum þessara laga.
5. Á eftir 9. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:  
Á eftir 64. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:  
Ríkissjóður greiðir Stofnlánadeild landbúnaðarins sérstakt framlag 25 millj.

kr. árlega næstu 5 ár. Fé þetta skal lánað bændum og búnaðarfélögum til framleiðniaukningar í landbúnaði og skulu lánin vera til 30 ára með 2% vöxtum.

Lánin skulu veitt, að fengnum tillögum nýbýlastjórnar, til vélvæðingar og tæknibúnaðar á sveitabýlum, svo sem til endurbóta á fóðurgeymslum og peningshúsum, súgurrkunar, færibanda, mjaltavéla, dráttarvéla og jeppabíla. Enn fremur til steypuhærivéla, jarðtætara og annarra jarðyrkjuverkfæra, sem búnaðarfélög kaupa.